FÓLK Í FRÉTTUM

Draumurinn rættist – tvisvar

Stærðarmunur hjónanna raskar ekki hamingjunni





Eins og sjá má er nokkur hæðarmunur á hjónakornunum.

Undir lok meðgöngutímans var Torrill meiri á breiddina (105 cm) en lengdina (97 cm).

JON og Torill eru óvenjuleg hjón. Torill er 97 cm á hæð en Jon er 190 cm. Þau eru afar ástfangin og láta stærðarmuninn ekki raska hamingjunni. Jon og Torill tóku mikla áhættu fyrir tveimur árum þegar þau ákváðu að eignast barn. Læknarnir sögðu þeim að veikburða líkami Torill þyldi ekki erfiða fæðingu, en Torill lét sér ekki segjast: „Að baki lönguninni í barn bjó ekki þörfin fyrir að sanna neitt. Mig langaði einfaldlega til að verða móðir."


Fæðingin gekk vel og þau eignuðust heilbrigða stúlku. Þar með varð Torill minnsta móðir í heiminum. Flestir bjuggust við að þau myndu hætta við svo búið en nú hafa þau eignast annað barn, lítinn strák. „Líklega verður hann dvergur alveg eins og ég," segir Torill. Hún hefur þó engar áhyggjur af því. Miklu máli skipti að hann hafi fæðst árið 1994 en ekki fyrir þrjátíu árum, þegar fordómar voru meiri. „Mig skiptir ekki nokkru máli hvort strákurinn minn er tveggja eða eins metra hár. Mikilvægast er að hann sé ánægður og trúr sjálfum sér."

LIAM NEESON



Erfitt að fá tækifæri í Hollywood

LIAM Neeson sem sló eftirminnilega í gegn í kvikmyndinni *Listi Schindlers* sagði á dögunum frá því þegar hann reyndi fyrst fyrir sér í Hollywood. „Þegar ég kom til Hollywood var ég spurður af feitum manni með vindil hvað ég hefði leikið áður. Þegar ég sagðist hafa fengið góða dóma fyrir hlutverk mitt í *Mýs og menn* hváði hann og spurði: „Lékstu mús?"



Morgunblaðið/Kristinn

MARGIR gestir sóttu sýninguna á opnunardaginn.

FÓLK



Hin síunga Diana Ross.

Diana Ross á fullri ferð

▶DIANA Ross virðist ekkert eldast með árunum. Hún hélt upp á fimmtugsafmæli sitt um páskana ásamt skipakóngnum Arne Næss. Þau hafa verið gift í átta ár. Ekki var talið að Diana Ross ætlaði í tónleikaferðalag í ár sökum kvikmyndar og hljóðritunarskuldbindinga. Þvert ofan í allar spár mun Diana Ross halda tónleika í Bandaríkjunum og á Bretlandi í sumar.

Robin Williams heldur sig sjaldan við handritið



Spéfuglinn Robin Williams.

▶ROBIN Williams sem lék aðalkvenhlutverkið í „Mrs. Doubtfire" er jafnvel enn fyndnari í eigin persónu. Ef hann tekur að sér hlutverk í kvikmynd má treysta því að hann auðgar það með uppfinningasemi sinni. Sally Field og Pierce Brosnan, sem voru mótleikarar hans í „Mrs. Doubtfire", áttu oft bágt með sig þegar Robin Williams komst á skrið. Í einu atriði kvikmyndarinnar borðar öll fjölskyldan saman á veitingahúsi. Robin Williams lætur þá Mrs. Doubtfire missa tennurnar sínar í vatnsglasið. Síðan þarf Brosnan að hjálpa henni að veiða þær aftur upp úr glasinu. Þetta atriði var ekki í handritinu! Eins og að líkum lætur var Brosnan hlátri næst, en hann stóðst prófraunina og lék hlutverk sitt án þess að stökkva bros.

Vilt þú slást í hópinn?

Okkur vantar sjálfboðaliða til margvíslegra starfa fram að kjördegi og á kjördag 28. maí. Komdu á næstu hverfaskrifstofu og fáðu allar nánari upplýsingar.

Vesturgata 2
Símar: 18400 • 18401 • 18402

Hraunbær 102b
Sími: 879991

Valhöll
Sími: 880903

Álfabakka 14a
Símar: 871992 • 871993 • 871994

Grensásvegur
Símar: 880905 • 880906 • 880907

Torgið
Sími: 879995

Laugarnesvegur 52
Sími: 880908

áfram Reykjavík xD


Forskot á sæluna

LAUGARDAGINN 21. maí var opnuð sýning á Kjarvalsstöðum á íslenskri samtímalist. Markmiðið er að bregða ljósi á íslenska samtíma höggmyndalist eða öllu heldur skúlptúragerð. Óðum styttist í opnun listahátíðar og þessi sýning er forskot á sæluna. Það má segja að hún sé afar ljúffengur forréttur.



Morgunblaðið/Kristinn

VEÐURBLÍÐAN leyfði gestum að spóka sig undir berum himni.



Hatar að búa einn

„ÞIÐ MEGIÐ kalla það galgopahátt eða gráa fiðringinn. Polly og ég vorum hamingjusamlega gift í fullkomnu hjónabandi þegar ég varð ástfanginn af annarri konu." Roy Marsden, sem sjónvarpsáhorfendur þekkja sem lögreglumanninn Adam Dalgliesh, situr núna einmana í eins herbergis íbúð í London. Ástarævintýrið tók enda og hans einasta gleði er að vera faðir drengjanna sinna tveggja, Roys sem er tólf ára og Bills sem er sjö ára. Dalgliesh er augsýnilega fullur eftirsjár og hylur höfuðið í lúkum sér þegar hann segir: „Ég hata að búa einn. Alveg síðan ég var 17 ára hef ég verið í sambúð með konum."